

3. Ganga frá gleri í glugga	kr.	50,00
4. Framlengja vatnslögn í þvottahús	—	263,00
5. Pappi á þak á upprunalegum skúr	—	490,00
6. Klæða loft með asbesti	—	1.238,00
7. Steypa kant við geymsluskilrúm	—	100,00

Alls kr. 3.171,00

Þar eð stefnandi er eigandi skúrsins að $\frac{1}{4}$, verða bæturnar því ákveðnar $\frac{1}{4}$ af niðurstöðutölu yfirmatsins eða kr. 792,75. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur á dómsuppsögu stafar af miklum embættisönnum. Dóm þenna hefur kveðið upp Bergur Bjarnason, fulltrúi bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnum Jóni Þorsteinssyni byggingameistara og Sveini S. Einarssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Árni S. Böðvarsson og Jón Sveinbjörnsson, greiði stefnanda, Birni Bjarnasyni, kr. 792,75 með 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1957 til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. maí 1959.

Nr. 75/1959. **Ingólfur Pálmason**
 gegn
 Árna S. Böðvarssyni
 og
 Jóni Sveinbjörnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. apríl þ. á., er barst Hæstarétti 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms, er upp var kveðinn 25. marz sl., í máli sóknaraðilja gegn

varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðiljum verði dæmt að greiða málskostnað í héraði að mati Hæstaréttar svo og kærumálskostnað. Sóknaraðilja barst eigi vitneskja um héraðsdóminn fyrr en 13. apríl þ. á.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms um málskostnað.

Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Dómur bæjarþings Kópavogs 25. marz 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. fyrra mánaðar, hefur Ingólfur Pálmason, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 16. nóvember 1957, gegn þeim Árna S. Böðvarssyni, Grenimel 35, Reykjavík, og Jóni Sveinbjörnssyni, Bræðraborgarstíg 34, Reykjavík. Stefndandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 2.300,00 auk 6% ársvaxta frá 1. október 1954 og málskostnað að skaðlausu. Í greinargerð er stefnukrafan skýrð svo, að hún sé vegna lagfæringa á þvottahúsi og geymslu við húsið Digranesblett 58 A, Kópavogi, en skv. loforði hafi stefndu borið að lagfæra þetta hvort tveggja. Dómkvaddir matsmenn mátu viðgerðarkostnað við að lagfæra allan skúr þann, er þvottahús og geymsla eru í, á kr. 9.200,00. Hluti stefnanda sé hins vegar $\frac{1}{4}$ af þeirri upphæð eða kr. 2.300,00. Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu, en til vara við munnlegan flutning málsins, að þeir verði sýknaðir gegn greiðslu á kr. 117,25 (undirmatskostnaður kr. 701,00 + yfirmatskostnaður kr. 2.001,00, sem dregst frá niðurstöðu yfirmats, kr. 3.171,00 = 469,00; $\frac{1}{4}$ af því kr. 117,25). Þá krefjast stefndu málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi 24. maí 1954 keypti stefndandi af stefndu $\frac{1}{4}$ hluta húseignarinnar nr. 58 A við Digranesblett í Kópavogi, þ. e. íbúð á 1. hæð, vesturenda, 3 herbergi, eldhús, vatnssalerni með steypibaði, innri forstofu, $\frac{1}{3}$ af ytri forstofu á mótí rishæð, miðstöð að $\frac{1}{4}$ hluta, bílskúr að $\frac{1}{4}$ hluta með geymslu og þvottahúsi og $\frac{1}{4}$ af leigulóðarréttindum. Í af-

sali er tekið fram, að íbúðin seljist fullgerð og skuli afhendast 20. júní 1954.

Eftir að stefnandi tók við íbúðinni, taldi hann, að fram hefðu komið ýmsir gallar á henni. Taldi stefnandi, að margt skorti á, að íbúðin sjálf og það, sem henni átti að fylgja, væri í því ástandi, sem seljendur höfðu lofað. Spunnust af þessu málaferli, og lauk þeim svo, að stefndu í máli þessu, þeir Árni S. Böðvarsson og Jón Sveinbjörnsson, voru með dómi, upp kveðnum á bæjarþingi Kópavogs hinn 27. febrúar 1957, dæmdir til að greiða stefnanda skaðabætur vegna þessara galla og vanefnda.

Í dóminum frá 27. febrúar 1957 (dskj. nr. 3 í þessu máli) voru stefndu, Árni S. Böðvarsson og Jón Sveinbjörnsson, sýknaðir að svo stöddu af 2.300,00 króna kröfu vegna vanefnda á viðgerð á þvottahúsi og geymslu. Var sýkna á greiðslu kröfunnar byggð á því, að með bréfi umboðsmanns stefnanda til stefndu (dskj. nr. 4) hefði þeim verið bannað að ljúka við lagfæringarnar og þar með að efna skyldur sínar við stefnanda í þessu efni. Er komið svo að orði í fyrrnefndum dómi, að þykja beri að „sýkna stefndu að svo stöddu af þessum kröfufulið, þar til útséð er um, hvort þeir efna skyldur sínar skv. samningum, er þeim hefur verið heimilað að vinna að nýju“.

Vegna óbreytts ástands, að því er lagfæringar snertir við ofanefnt þvottahús og geymslu, frá því er dómur bæjarþings Kópavogs frá 27. febrúar 1957 var upp kveðinn, er mál þetta risið.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að þeir hafi gert að mestu allt, sem þeim ber að gera í skúrnum. Þá telja stefndu, að mikið af því, sem þeir voru búnir að gera, hafi verið eyðilagt. Telja stefndu, að þeir geti ekki borið ábyrgð á þeim skemmdum. Þá telja þeir, eins og nú er komið, að þeim sé ómögulegt að vinna verkið.

Skal þá tekin afstaða til skaðabótakröfu stefnanda:

1. Það er fram komið í málinu, að stefnandi telur sig hafa skorað á stefndu að hefja vinnu á ný í skúrnum á sumri 1957. Einnig er það fram komið (dskj. nr. 7), að stefndu telja sig hafa ætlað að hefja vinnu á ný við skúrinn á sumri 1957. Það verður því að telja, að banni við frekari framkvæmdum við skúrinn hafi verið aflétt það sumar. Af gögnum málsins verður ekki séð upp á dag, hvenær banni hefur verið aflétt, en það þykir mega fallast á með stefnanda, að stefndu hafi verið gefinn kostur á að hefja framkvæmdir á ný við skúrinn með dómi bæjarþings Kópavogs frá 27. febrúar 1957.

2. Í dómi bæjarþings Kópavogs frá 27. febrúar 1957 er því slegið föstu, að stefndu hafi skyldur skv. samningum um lagfæringu þvottahúss og geymslu (sbr. 10. tölulið á dskj. nr. 3).

Stefndu héldu því fram í hinu fyrra máli, að ástæða þess, að ekki hefði verið fullgengið frá þvottahúsi og geymslu, hefði verið bann umboðsmanns stefnanda við frekari framkvæmdum. Jafnframt var því þá lýst yfir af stefndu, að þeir væru reiðubúnir að ljúka framkvæmdum, strax og bannið væri afnumið. Nú hafa stefndu krafist sýknu m. a. á þeirri forsendu, að þeir séu að mestu búnir að gera allt, sem þeim bar í skúrnum.

Það er ljóst af skjölum málsins, að ekkert hefur verið að því unnið að lagfæra nefndan skúr frá 27. febrúar 1957. Það er einnig fram komið í málinu, að talsvert af því, sem búið var að gera í skúrnum, til þess að hann yrði hæfur sem þvottahús og geymsla, hefur verið eyðilagt, meðan framkvæmdir lágu niðri. Hefur stefnandi ekki fært sönnur á, að þær skemmdir séu að neinu leyti sök stefndu, og bera þeir því ekki ábyrgð á þeim. Rétturinn lítur hins vegar svo á, að eyðilegging þessi geti ekki komið í veg fyrir greiðslu bóta úr hendi stefndu vegna þess, er þeir hafa látið ógert við skúrinn, svo að hann gæti talizt nothæfur. Um það, hvað ógert hafi verið í skúrnum, svo og um ákvörðun skaðabóta verður að leggja til grundvallar yfirmatsgerðina á dskj. nr. 10, en þar er sundurliðað það, sem talið er ógert, og einnig gefið upp matsverð á hverjum einstökum lið:

1. Ganga þarf frá tvöföldum bílskúrshurðum og gera hæfilega stórar inngöngudyr, klæða innan með asbesti og utan með pappa	kr.	610,00
2. Setja upp borð og bekk	—	420,00
3. Ganga frá gleri í glugga	—	50,00
4. Framlengja vatnslögn í þvottahús	—	263,00
5. Pappi á þak á upprunalegum skúr	—	490,00
6. Klæða loft með asbesti	—	1.238,00
7. Steypa kant við geymsluskilrúm	—	100,00

Alls kr. 3.171,00

Þar eð stefnandi er eigandi skúrsins að $\frac{1}{4}$, verða bæturnar því ákveðnar $\frac{1}{4}$ af niðurstöðutölu yfirmatsins eða kr. 792,75. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur á dómsuppsögu stafar af miklum embættisönnum. Dóm þenna hefur kveðið upp Bergur Bjarnason, fulltrúi bæjar-

fógeta, ásamt meðdómsmönnum Jóni Þorsteinssyni byggingameistara og Sveini S. Einarssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Árni S. Böðvarsson og Jón Sveinbjörnsson, greiði stefnanda, Ingólfi Pálmasyri, kr. 792,75 með 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1957 til greiðsludags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. maí 1959.

Nr. 194/1958. **Jóhanna Waage** (Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1958. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 257.080,00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu stefnda er viðurkennd óskoruð fébótaábyrgð vegna slyss þess, er í málinu greinir. Hann hreyfir og engum andmælum gegn 1.—4. kröfulið áfrýjanda í héraði, og verða þeir því teknir til greina.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur áætlað áhrif kaupbreytinga, sem orðið hafa að undanfögnu, á niðurstöðu áætlunar hans frá 19. nóvember f. á. Lækkar niðurstaðan úr kr. 69.390,00 í kr.